



Lúxemborg, 3. ágúst 2016

FRÉTTATILKYNNING 08/2016

Dómur í sameinuðum málum E-26/15 og E-27/15 Ákærvaldið gegn B og B gegn Fjármálaeftirliti Liechtenstein

BEITING GISTIRÍKIS Á ÁKVÆÐUM LANDSRÉTTAR ER VARÐA PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA GEGN ÞEIM SEM STARFA ÞAR Á GRUNDEVLLI ÞJÓNUSTUFRELSISINS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli í Liechtenstein (*Fürstliches Obergericht*) og áfrýjunarnefnd Fjármálaeftirlits Liechtenstein (*Beschwerdekommission der Finanzmarktaufsicht*) í málum sem þar eru til meðferðar varðandi túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverastarfsemi („tilskipunin“).

B („varnaraðili“) er austurrískur ríkisborgari sem býr í Bretlandi. Hann gegnir stöðu stjórnarmanns þriggja félaga, þ.e. A Ltd og B Ltd, sem bæði eru skrásett í Bretlandi, og CA Inc., sem skrásett er á Bresku Jómfrúareyjum. Í félögunum þremur er einungis einn stjórnarmaður og gegnir varnaraðili því hlutverki, fyrir hönd annarra, gegn þóknun. Hluta af starfsskyldum varnaraðila í þágu félaganna þriggja gegndi hann í Liechtenstein.

Í máli E-26/15, í kjölfar áfrýjunar af hálfu varnaraðila, þarf landsdómstóllinn að endurskoða dóm undirréttar sem kveðinn var upp 13. júlí 2015. Með þeim dómi var varnaraðili sakfelldur fyrir brot gegn a-lið 1. mgr. 30 gr. laga frá 11. desember 2008 um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna til að sporna við peningaþvætti, skipulagðri glæpastarfsemi og fjármögnun hryðjuverka (*Sorgfaltspflichtgesetz, LR 952.1*) („SPG“) og dæmdur til skilorðsbundinnar greiðslu sektar. Taldi undirrétturinn að varnaraðili hefði vísvitandi látið hjá líða að staðfesta deili á viðsemjanda og sannreyna hver hann væri sem og að framkvæma að nýju slíka auðkenningu og sannprófun í Liechtenstein, sérstaklega að því er varðaði framangreind þrjú félög.

Í máli E-27/15, hefur varnaraðili kært til áfrýjunarnefndar Fjármálaeftirlits Liechtenstein ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 31. júlí 2015. Samkvæmt ákvörðuninni var varnaraðila gert að greiða stjórnvaldssekt samkvæmt e-lið 1. mgr. 31. gr. SPG. Samkvæmt ákvörðuninni bar honum á grundvelli 8. gr. SPG að að framkvæma könnun á áreiðanleika viðskiptamanna í tengslum við viðskiptasambönd sín við þau þrjú félög sem um ræddi. Þetta hefði hann aftur á móti látið ógert í þremur aðgreindum tilvikum á tímabilinu 1. febrúar 2013 til að minnsta kosti 14. febrúar 2014.

Varðandi það álitaefni hvort gistiríki mætti beita landsrétti á þennan hátt gagnvart þjónustuveitendum í sömu stöðu og varnaraðili komst EFTA-dómtóllinn að þeirri niðurstöðu að tilskipunina yrði að túlka þannig að hún stæði því ekki í vegi að EES-ríki krefðust þess af þjónustuveitendum á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sem störfuðu innan landsvæðis þeirra á grundvelli þjónustufrelsisins, að þeir uppfylltu þær kröfur sem gerðar væru um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna samkvæmt landsrétti. Að því leyti sem slík löggjöf leiddi á hinn bóginn til erfiðleika eða aukins kostnaðar vegna starfsemi sem færi fram á grundvelli þjónustufrelsisins og væri líkleg til að fela í sér eftirlit til viðbótar því sem þegar fer fram í heimaríkinu og drægi þannig úr hvata þjónustuveitanda á sviði fjárvörslu og

fyrirtækjaþjónustu til þess að sinna slíkri starfsemi, fæli það í sér takmörkun á þjónustufrelsinu. Ákvæði 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið yrði að túlka þannig að hann stæði ekki í vegi slíkrar löggjafar svo fremi sem henni væri beitt án mismununar, í þágu þess markmiðs að berjast gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, löggjöfin væri til þess fallin að ná því markmiði og gengi ekki lengra en nauðsynlegt væri í því skyni. Áréttaði dómstóllinn að til þess að eftirlitsráðstafanir gistiríkis gætu talist í samræmi við meðalhófsreglun mætti ekki ganga út frá því í öllum tilvikum að um svik væri að ræða sem leiða ættu til fulls, kerfisbundins eftilits með þeim sem nyту staðfestu í öðru EES-ríki en gistiríkinu en veittu þjónustu tímabundið í því síðarnefnda. Enn fremur yrði gistiríkið þegar það óskaði eftir upplýsingum, svo sem skjölum, sem væri að finna í heimaríki þjónustuveitandans að veita honum hæfilegan tímafrest til þess að afla upplýsinga, svo sem með því að afhenda afrit þeirra skjala sem um ræddi. Í því sambandi réðist hæfilegur tímafrestur af magni þeirra skjala sem óskað væri eftir sem og því formi sem þau væru varðveitt á.

Dómstóllinn bætti loks við að sömu sjónarmið ættu einnig við í tilvikum þar sem félagið sem nyti þjónustunnar hefði ekki verið stofnað í EES-ríki.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.